Vinnureglur FEIF við kynbótadóma

1. Járningareglur.
- Færri en átta ferðir riðnar þegar skeifa fer af > má koma aftur og klára sýningu.
- Átta ferðir eða fleiri riðnar þegar skeifa fer af > kemur aðeins á yfirlitssýningu.
- Skeifa af á yfirlitssýningu > getur komið aftur og klárað sýninguna.

2. Reglur um reiðdóm.
- Færri en sex ferðir riðnar þegar ákveðið er að hætta af ófyrirséðum ástæðum > dómur ógildur.
- Sex ferðir eða fleiri riðnar > dómur gildur.
- Meira en hálf langhlið riðin > langhliðin talin með sem ein ferð.

3. Rakstur hrossa er leyfður, þó er bannað að raka andlit, eyru og fætur.

4. Yfirlitssýningar
- **Tölt**. Hægt og greitt tölt á yfirlitssýningum.
  - Ef ná á einkunn hærra en 8,0 fyrir tölt verður að sýna bæði hæga og greiða ferð á gangtegundunni á yfirlitssýningum.

- **Samstarfsvilji**. Einkunnir fyrir samstarfsvilja er bæði hægt að hækka og lækka á yfirlitssýningum. Hvað varðar lækkun á einkunn fyrir samstarfsvilja er dómurum það leyfilegt ef hesturinn sýnir neikvæð atriði þessa eiginleika sem ekki komu fram í dómnum, t.d. augljós merki um óþjálni, ofríki, spennu eða viðkvæmni.

- **Samstarfsvilji**. Til að hljóta hækkun fyrir samstarfsvilja á yfirlitssýningu þarf að sýna greinilega fram á að hægt sé að hægja hrossið mjúkt og átakalaust niður innan afmörkunar brautarinnar.

- **Skeið**. Til að hækka einkunn fyrir skeið á yfirlitssýningu verður að sýna hrossið einnig á tölti, þar sem horft er til þess að gæði töltsins séu svipuð og í dómi. Ef svo er ekki, þá verður einkunn fyrir skeið að vera að lágmarki 0,5 stigum lægri en sýning þess á yfirlitssýningunni býður upp á.

- **Fegurð í reið**. Til að hækka einkunn fyrir fegurð í reið verður að sýna hrossið að lágmarki bæði á tölti og brokki. Það fer svo eftir frammistöðu í dómnum hvort einnig þurfi að sýna hægt/greitt stökk og skeið. Einkunn fyrir fegurð í reið á að endurspegla frammistöðu hrossins í gegnum alla sýninguna (dóm og yfirlitssýningu) á öllum gangtegundum.

5. Yfirlitssýning verður ekki riðin með utanaðkomandi hrossi. Þ.e.a.s. hrossi sem ekki er skráð á sýninguna er óheimilt að ríða með hrossi úr sýningunni á yfirlitssýningu.

6. Í byggingardómi er bannað að hófar séu málaðir eða klístraðir.

7. Teygjur í faxi eru bannaðar.

8. Komi knapi ekki með hest til áverkaskoðunar eftir sýningu, skal reiðdómur falla niður og knapa veitt opinber áminning.

9. Við sköpulagsdóma skal ætíð hafa eldri dóma við hendina ef um þá er að ræða.

10. Fóðrun hrossa er óleyfileg í sköpulags- eða reiðdómi.

11. Óheimilt er að eiga við reiðtygi (s.s losa um múl) og fótabúnað hrossa áður en skoðun er gerð að loknum reiðdóm.

12. Óheimilt er að járna upp hross milli dóms og yfirlitssýningar nema að fengnu leyfi sýningarstjóra.